

**Nd.**

**263. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Auk þeirra flutningabrauta, sem taldar eru í 2. gr. laga 22. nóv. 1907, um vegi, skal vera flutningabraut frá Reykjavík til Hafnarfjarðar milli lögsagnar-  
umdæmanna.

Viðhald þeirrar flutningabrautar skal landssjóður kosta að  $\frac{1}{8}$ .

2. gr.

Sýslunefndin og hreppsnefndin í Vestmanneyjasýslu hafa á hendi sam-  
eiginlega alla stjórn vegamála innan sýslunnar.

Nefndirnar ráðstafa í sameiningu sýslu- og hreppsvegafjenu, ákveða hvar  
vegir skuli liggja og hafa umsjón og stjórn með vegagjörðum og viðhaldi vega.